

Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 26. júlí 2010
Tilvísun: UST20100700095/bs


Breyting á legu Búðarhálslínu 1, Ásahreppi og Rangárþingi Ytra. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 9. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Breytingin felst í því að línan verður lögð 3 km austar en ráðgert var við mat á umhverfisáhrifum Búðarhálsvirkjunar og að reist verði tengivirki við Langöldu þar sem Búðarhálslína 1 mun í fyrstu tengjast Hrauneyjafosslínu 1. Línuleiðin yfir Búðarháls styttist úr 7.300 m í 5.500 m og fækkar möstrum úr 26 í 18. Línuvegir lengjast úr 3.700 m í 4.100 m. Samkvæmt niðurstöðu matsskýrslu frá 2001, voru helstu umhverfisáhrif Búðarhálslínu 1 talin sjónræns eðlis þar sem línan kæmi ofan af Búðarhálsi. Framkvæmdaaðili telur að með breyting á legu Búðarhálslínu 1 muni hún falla betur að landslagi og sjónræn áhrif hennar verði minni á Búðarhálsi.

Umhverfisstofnun telur að umrædd breyting á legu Búðarhálslínu 1 muni hafa minni sjónræn áhrif í för með sér. Stofnunin telur ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

Björn Steinarsson


Hjalti J Guðmundsson
Sviðsstjóri